



12.2.2010  
Frá heilbr. eaduneyti.

Alþingi  
Erindi nr. P 138/1076  
komudagur 12.2.2010



**LANDSPÍTALI**  
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

# Nýtt skipurit 2009 skýringar




Vinnuhópur um nýtt skipurit  
1. júní 2009

# Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>Nýtt skipurit Landspítala .....</b>	<b>3</b>
<b>2</b>	<b>Inngangur.....</b>	<b>4</b>
<b>3</b>	<b>Forstjóri.....</b>	<b>5</b>
<b>4</b>	<b>Klínísk svið .....</b>	<b>6</b>
4.1	Kvenna- og barnasvið.....	6
4.2	Bráðasvið .....	7
4.3	Geðsvið.....	7
4.4	Lyflækningasvið.....	7
4.5	Rannsóknarsvið .....	8
4.6	Skurðlækningasvið .....	8
<b>5</b>	<b>Stoðsvið .....</b>	<b>9</b>
5.1	Mannauðssvið.....	9
5.2	Fjármálasvið.....	10
5.3	Eignasvið.....	11
5.4	Vísinda-, mennta- og gæðasvið .....	12
<b>6</b>	<b>Framkvæmdastjórar hjúkrunar og lækninga .....</b>	<b>13</b>
6.1	Sérstök verkefni framkvæmdastjóra hjúkrunar .....	14
6.2	Sérstök verkefni framkvæmdastjóra lækninga .....	14
<b>7</b>	<b>Yfirlæknar, hjúkrunardeildarstjórar og aðrir faglegir stjórnendur .....</b>	<b>16</b>
<b>8</b>	<b>Sérmál.....</b>	<b>17</b>
8.1	Heilbrigðis- og upplýsingatækni.....	17
8.2	Verkefnastofa .....	17
8.3	Almannatengsl .....	18
8.4	Hjúkrunarráð og læknaráð .....	18
8.5	Göngudeildir .....	18
8.6	Hæfing.....	18

## 1 Nýtt skipurit Landspítala



Þetta skipurit gildir frá 8. júní 2009.

## 2 Inngangur

Landspítali er öflugt háskólasjúkrahús sem vill verða framúrskarandi og komast í hóp bestu sjúkrahúsa á Norðurlöndum. Nýtt skipurit er forsenda þess að svo megi verða. Með nýju skipuriti eru boðleiðir styttrar og stuðlað að dreifstýringu þannig að ákvarðanir um stjórnun standi nær skjólstæðingum spítalans. Skipuritið á að þjóna starfsemi og verkefnum spítalans á hverjum tíma þannig að saman fari úrvals meðferð, öryggi sjúklinga og hagræði. Skipuritið á þess vegna að endurskoða á 6 mánaða fresti í samræmi við brýnustu verkefni. Brýnustu verkefni Landspítala næstu árin eru:

- Stefnumörkun
- Hagræðing til að vera innan minnkandi fjárheimilda. Sérstök áhersla verður á hagræðingu innan stoðsviða.
- Forgangsröðun verkefna á hverri einingu
- Allar fjárfestingar skili hagræðingu
- Skilvirk stjórnsýsla sem styður klínísk verkefni

Skipulag klínískra sviða var ákveðið í öllum aðalatriðum þann 6. mars síðastliðinn og birt á vef Landspítala ásamt nánari skýringum þann dag. Sá texti er nú einnig birtur hér í kafla 4.

Undanfarna þrjú mánuði hefur skipuritshópur Landspítala<sup>1</sup> unnið með framkvæmdastjórn að skipuriti stoðsviða og samþættingu þeirra við klínísk svið. Að auki hefur verið unnið að skipulagi er varðar framkvæmdastjóra lækninga og hjúkrunar og hlutverk yfirlækna, hjúkrunardeildarstjóra og annarra faglegra stjórnenda. Síðast en ekki síst var fjallað um ýmis mikilvæg sérmál; heilbrigðis- og upplýsingatækni, verkefnastofu, almannatengsl, hjúkrunar- og lækna ráð, göngudeildir og hæfingu.

Þess er vænst að hið nýja skipurit geri starfsmönnum Landspítala enn betur kleift en áður að þjóna sjúklingum og sinna kennslu- og vísindastarfi.

1) Í skipuritshópnum eru Björn Jónsson, Guðrún Björg Sigurbjörnsdóttir, Oddur Gunnarsson, Ólafur Baldursson og Rúnar Bjarni Jóhannsson.

### 3 Forstjóri

Forstjóri starfar samkvæmt 9. grein laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007. Í 3. og 4. málsgrein laganna segir:

„Ráðherra setur forstjóra heilbrigðisstofnunar erindisbréf þar sem tilgreind skulu helstu markmið í þjónustu og rekstri stofnunar og verkefni hennar til lengri og skemmri tíma. Forstjóri ber ábyrgð á að stofnun sem hann stýrir starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf skv. 3. mgr. Forstjóri ber ábyrgð á þeirri þjónustu sem stofnunin veitir og að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma stofnunar sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt.“

Forstjóri Landspítala velur sér staðgengil. Núverandi staðgengill forstjóra er framkvæmdastjóri lækninga.

## 4 Klínísk svið

Skipurit klínískra sviða tók gildi 1. maí 2009. Meðfylgjandi er nánari lýsing á sviðaskiptingu klínískra sviða sem og áherslum í starfi.

### 4.1 Kvenna- og barnasvið

Framkvæmdastjóri kvenna- og barnasviðs skal gefa út þjónustuyfirlýsingu um þjónustu við önnur klínísk svið fyrir 1. september 2009.

#### Kvennadeildir

Ákvörðun um staðsetningu þjónustu við konur með kvensjúkdóma og á meðgöngu eða í fæðingu er til tveggja ára. Fyrir lok þess tímabils fer fram endurmat á staðsetningu með hliðsjón af ákveðnum skilmerkjum en vinnuhópur skilgreinir faglega þætti og framkvæmdastjórn rekstrarlega þætti.

Skipa þarf vinnuhóp sem í sitja tveir fæðingar- og kvenlæknar, tvær ljósmæður/hjúkrunarfræðingar, yfirlæknir skurðstofu við Hringbraut og einn frá svæfingadeild til að setja fram nánari útlitun á tækifærum til þróunar sem fram komu í bréfum sérfræðinga á kvennasviði annars vegar og stjórnenda hjúkrunar á kvennasviði hins vegar til forstjóra um staðsetningu í skipuriti. Einnig á vinnuhópurinn að setja fram mælikvarða sem notaðir verða við endurmat á staðsetningu kvennaeiningar í skipuriti Landspítala árið 2011. Vinnuhópurinn skal m.a. svara eftirtöldum atriðum auk annarra atriða sem hann telur að komi að gagni við ákvörðun um staðsetningu í skipuriti til framtíðar.

- Hvaða „stærri aðgerðir“ kvenlækninga verði fluttar á skurðstofu við Hringbraut til að nýta betur fullkominn tækjabúnað hennar og bæta nýtingu á skurðstofum? Sjúklingar myndu jafnframt liggja á skurðeild í sama húsi.
- Skurðstofur í kvennadeildarhúsi verði reknar sem „dagkirurgisk“ eining og fyrir skurðaðgerðir í tengslum við fæðingar.
- Hvernig bráðamóttöku sjúklinga með kvensjúkdóma á kvöldin, nætur og um helgar verði fyrirkomið þegar 21A verður dagdeild?
- Komið verði á teymisvinnu kvenlækninga, þvagfæraskurðlækninga, almennra skurðlækninga og meltingarlækna vegna grindarbotnsvandamála kvenna.
- Þróa samstarf hjúkrunarfræðinga á þvagfærarannsókn og á kvenlækningadeildum.
- Landspítali stendur vörð um eðlilegar fæðingar og valmöguleika kvenna í þjónustu sinni. Hvaða aðgerðir og mælikvarðar eru bestir til að ná því?
- Hvernig sérfræðinám í fæðingar- og kvenlækningum verði tryggt?
- Þróa skal samstarf barnalækna, fæðingarlækna og ljósmæðra, m.a. í áhættumeðgöngu.
- Þróa skal samstarf barnahjartalækna og fósturgreiningar.
- Tryggja samstarf vökudeildar, fæðingardeildar og meðgöngu- og sængurlegudeildar þegar nýburi dvelst á vökudeild og móðir (og mögulega faðir) dvelst á fæðingardeild eða meðgöngu- og sængurlegudeild, t.d. varðandi tengslamyndum, brjóstgjöf o.fl.
- Stefnit skal að vottun Landspítala sem barnvæns sjúkrahúss og koma þarf því ferli í farveg. - Hver er hlutur kvennadeilda, barnadeilda og annarrar starfsemi Landspítala í þeirri vottun?
- Þjónustuyfirlýsing vegna starfa brjóstaráðgjafa á Landspítala.

Vinnuhópurinn skal skila niðurstöðum sínum til forstjóra Landspítala fyrir 1. október 2009. Mat á þeim þáttum sem hópurinn kemur með tillögur um fer fram ársfjórðungslega.

#### 4.2 Bráðasvið

Framkvæmdastjóri bráðasviðs skal gefa út þjónustuyfirlýsingu um þjónustu bráðasviðs við önnur klínísk svið og niðurstöðu vinnuhóps um sameiningu á slysa- og bráðadeild og bráðamóttöku fyrir 1. september 2009.

#### 4.3 Geðsvið

Framkvæmdastjóri geðsviðs skal gefa út þjónustuyfirlýsingu um þjónustu geðsviðs við önnur klínísk svið fyrir 1. september 2009. Þjónustuyfirlýsingin nær til þjónustu geðlækna, geðhjúkrunarfræðinga, sálfræðinga og félagsráðgjafa við bráðasvið, lyflækningasvið, skurðlækningasvið og kvenna- og barnasvið og skal huga sérstaklega að aðkomu geðsviðs að meðferð fíkla.

Einn faglegur yfirmaður verður yfir sálfræðingum og einn yfir félagsráðgjöfum. Faglegur yfirmaður ber ábyrgð á:

- Að tryggja að vinnuskipulag á hverjum tíma mæti þörfum sjúklinga og deilda spítalans
- Faglegri þróun.
- Starfsmannamálum, þ.m.t. afleysingum í veikindum og leyfum.
- Rekstri.
- Samskiptum við háskóla.
- Að tryggja möguleika starfsmanna á því að skipta um starfsvettvang tímabundið innan Landspítala.

#### 4.4 Lyflækningasvið

Framkvæmdastjóri lyflækningasviðs skal gefa út þjónustuyfirlýsingu um þjónustu lyflækningasviðs við önnur klínísk svið fyrir 1. september 2009.

Þjónustuyfirlýsing skal einnig vera um þjónustu sjúkraþjálfara og iðjuþjálfva við bráðasvið, geðsvið, skurðlækningasvið og kvenna- og barnasvið, en einn faglegur yfirmaður verður yfir sjúkra- og iðjuþjálfum. Faglegur yfirmaður ber ábyrgð á:

- Að tryggja að vinnuskipulag á hverjum tíma mæti þörfum sjúklinga og deilda spítalans.
- Faglegri þróun.
- Starfsmannamálum, þ.m.t. verkefnastjórnun, afleysingar í veikindum og leyfum.
- Rekstri.
- Samskiptum við háskóla.
- Að tryggja möguleika starfsmanna á því að skipta um starfsvettvang tímabundið innan Landspítala.

#### 4.5 Rannsóknarsvið

Framkvæmdastjóri rannsóknarsviðs skal gefa út þjónustuyfirlýsingu um þjónustu við önnur klínísk svið fyrir 1. september 2009, t.d. blóðtökutíma, lengd afgreiðslutíma í bráðatilvikum og í rútínuvinnu fyrir alla þjónustuþætti.

#### 4.6 Skurðlækningasvið

Framkvæmdastjóri skurðlækningasviðs skal gefa út þjónustuyfirlýsingu um þjónustu við önnur klínísk svið fyrir 1. september 2009, sérstaklega þjónustu svæfingarlækna og hjúkrunarfræðinga, skurðeilda og blóðbanka.

##### Blóðbanki

Ákvörðun um staðsetningu blóðbanka í skipuriti er til tveggja ára. Fyrir lok þess tímabils fer fram endurmat á staðsetningu með hliðsjón af ákveðnum skilmerkjum, en vinnuhópur starfsmanna blóðbankans skal skilgreina fagleg skilmerki og framkvæmdastjórn rekstrarlega þætti. Einnig á vinnuhópurinn að setja fram mælikvarða sem notaðir verða við endurmat á staðsetningu blóðbanka í skipuriti Landspítala árið 2011. Vinnuhópurinn skal m.a. fjalla um eftirtalda þætti auk annarra atriða sem vinnuhópurinn telur að komi að gagni við ákvörðun um staðsetningu í skipuriti til framtíðar.

- Samþætting á starfsemi blóðbanka og skurðlækningasviðs skal leiða til hagræðingar, s.s. í færri krossprófum, betri nýtingu á blóði o.s.frv.
- Ávinningur af þessari hagræðingu verður mældur.
- Hagræðingu skal einnig ná í þjónustu við önnur klínísk svið.
- Hagræðing m.t.t. tækjakaupa í samstarfi við rannsóknarsvið.
- Þróa samstarf við rannsóknarsvið, sérstaklega með tilliti til einföldunar á vinnuferlum og að draga úr tvöföldun í rannsóknum.

Vinnuhópurinn skal skila niðurstöðum sínum til forstjóra Landspítala fyrir 1. október 2009. Mat á þeim þáttum sem hópurinn kemur með tillögu um fer fram ársfjórðungslega.



## 5 Stoðsvið

Stoðsvið verða 4; mannauðssvið, fjármálasvið, eignasvið og vísinda-, mennta- og gæðasvið.

Framkvæmdastjóri stýrir hverju stoðsviði, situr í framkvæmdastjórn og stjórnunarlög verða eins og á klínískum sviðum eftir að ný skipurit þeirra taka gildi. Stjórnunarstefna verður sú sama og gildir fyrir klínísk svið.

Starfsheitið sviðsstjóri verður lagt niður. Framkvæmdastjórar stoðsviða endurskoða skipulag, skipurit og ráðningu stjórnenda (sviðsstjóra, deildarstjóra, forstöðumanna og annarra stjórnenda) á sínu sviði og ljúka því eigi síðar en 1. september 2009. Jafnframt fari fram samhæfing á starfsheitum innan hvers stoðsviðs.

Markmiðið er að boðleiðir og ákvarðanataka sé skýr og gegnsæ gagnvart þeim sem fá þjónustu frá stoðsviðum. Stjórnendum á stoðsviðum fækkar frá því sem nú er. Skipurit stoðsviða skulu lögð fyrir forstjóra og framkvæmdastjórn sem og skipurit klínískra sviða.

Verkefni framkvæmdastjóra stoðsviða verða meðal annars:

- Setja upp nýtt skipurit stoðsviðs þar sem einungum er fækkað. Endurskipulagningu skal lokið fyrir 1. september 2009.
  - Skilgreina og forgangsraða verkefnum stoðsviða sem tiltekin voru á verkefnalista frá apríl 2009 í samræmi við eftirfarandi lista:
    - kjarnaverkefni,
    - sameiginleg verkefni og þá tilgreindir samstarfsaðilar, ábyrgðaraðilar og tímasettur framgangur verkefnis,
    - verkefni sem geta flust annað og þá hvert,
    - verkefni sem hægt er að leggja niður,
    - verkefni sem hægt er að úthýsa.
- Ábyrgðaraðila hvers verkefnis þarf að tilgreina. Þeim verkefnalista skal skilað til forstjóra fyrir 1. september nk. og verður hann nýttur við stefnumörkun og hagræðingarkröfu næstu ára.
- Gefa út reglur um samstarf og þjónustu við önnur svið LSH fyrir 1. janúar 2010.

### 5.1 Mannauðssvið

Mannauðssvið ber ábyrgð á mannauðsstefnu Landspítala og veitir stjórnendum spítalans ráðgjöf og stuðning. Mannauðssvið stuðlar að hagkvæmri nýtingu mannafla, öryggi, jafnrétti og vellíðan starfsmanna. Undir mannauðssvið heyrir kjara- og launanefnd sem fer með kjarasamningsumboð spítalans auk þess sem sviðið annast lögfræði- og kjaramál, launamál, endur- og símenntun og vinnuverndarmál.

Núverandi skrifstofa mannauðsmála verður mannauðssvið. Nú stýrir sviðsstjóri mannauðsmálum með seturétti í framkvæmdastjórn en verður framkvæmdastjóri. Staða

sviðsstjóra mannauðsmála verður lögð niður og staða framkvæmdastjóra mannauðssviðs verður auglýst.

Framkvæmdastjóri mannauðssviðs skal gefa út yfirlýsingu um samstarf og þjónustu við önnur svið LSH fyrir 1. janúar 2010.

Mannauðssvið endurskipuleggur starfsemi sína með hliðsjón af stefnumörkun spítalans til næstu 5 ára, sérstaklega hvað varðar mannaflaáætlanir og mönnunarmál spítalans. Mönnunarlíkön og skilgreind menntun/kunnátta eru m.a. grundvöllur fyrir endurmenntunaráætlun spítalans. Verkefni mannauðssviðs er að greina hvaða aðgerðir þarf til að mannauðskerfi verði skilvirkari og starfskraftar nýtist enn betur en í dag.

Framkvæmdastjóri mannauðssviðs og framkvæmdastjóri vísinda-, mennta- og gæðasviðs skulu skýra ábyrgð og verkaskiptingu þessara tveggja sviða hvað varðar námskrá og endurmenntun mismunandi starfsstétta á spítalanum með það að markmiði að starfsmönnum Landspítala sé boðið upp á endurmenntun við hæfi sem styðji við starfsþróun þeirra og mönnun spítalans. Niðurstöðu skal skilað til forstjóra fyrir 1. október 2009.

Sjá einnig umfjöllun um verkefni framkvæmdastjóra stoðsviða almennt á bls. 9.

## 5.2 Fjármálasvið

Fjármálasvið LSH hefur umsjón með fjármálum spítalans og annast reikningshald hans, gerir mánaðaruppgjör og semur ársreikning. Sviðið heldur utan um fjárheimildir spítalans, sér um fjárstýringu og innheimtir kröfur. Gerð og eftirfylgni með fjárhagsáætlun er á könnu sviðsins og það annast söfnun, úrvinnslu og miðlun klínískra og fjárhagslegra upplýsinga og staðtalna. Útboð, samningagerð, innkaup og vörustýring eru meðal hlutverka sviðsins.

Núverandi fjármálasvið, hag- og upplýsingasvið og innkaupa- og vörustjórnunarsvið mynda fjármálasvið í nýju skipuriti. Endurskoða skal skipurit, fækka einhverjum stjórnendastöðum og breyta starfsheiti annarra. Samvinnu birgðastöðvar, innkaupa og dreifingar skal skilgreina betur og stofna sérstakan vinnuhóp sem komi með tillögur að samfelldu flæði frá innkaupum til birgðahalds og þaðan til deilda/notenda innan spítalans. Þetta flæði („vörustjórnun“) á að hámarka hagræðingu fyrir LSH í heild. Tillögum skal skilað til forstjóra fyrir 1. janúar 2010.

Framkvæmdastjóri fjármálasviðs skal gefa út yfirlýsingu um samstarf og þjónustu við klínísk svið fyrir 1. janúar 2010.

Ákvörðun um staðsetningu hag- og upplýsingadeildar er til ársloka 2010. Fyrir lok þessa tímabils skal fara fram endurmat á staðsetningu með hliðsjón af ákveðnum skilmerkjum en vinnuhópur skilgreinir faglega þætti er meta skal. Vinnuhópurinn skipi aðilar frá hag- og upplýsingadeild, heilbrigðis- og upplýsingatæknideild og framkvæmdastjórum fjármála, lækninga, hjúkrunar og vísinda-, mennta- og gæðasviðs. Vinnuhópnum er m.a. ætlað að:

- Meta fýsileika þess að aðskilja hagnátt og upplýsingavinnslu og -miðlun þannig að áætlanagerð, kostnaðargreining og launagreining tilheyri fjármálum og upplýsingamál sameinist heilbrigðis- og upplýsingatækni.
- Setja fram kosti og galla við núverandi fyrirkomulag og aðskilnað.

- Setja fram aðgerðaráætlun um verkaskiptingu og samþættingu á m.a. upplýsingavinnslu fyrir klíniska stjórnendur, þróun vöruhúsa, aðkomu að gerð klínískra gagnagrunna, rekstri, samþættingu og þróun fjármálakerfisins ORRA o.fl.
- Setja fram mælikvarða til að meta þá þætti sem aðgerðaráætlun fjallar um.
- Skila forstjóra skýrslu um áðurnefnda þætti fyrir 1. október 2009.
- Framkvæmdastjóri fjármálasviðs kallar vinnuhópinn saman og stýrir fyrsta fundi hans.

Hluti af verkefnum innkaupadeildar, m.a. innleiðing vefverslunar, birgðastjórnunar og strikamerkja skarast við starfsemi heilbrigðis- og upplýsingatæknideildar. Skýra þarf aðkomu hvorrar einingar fyrir sig og verkaskiptingu og skal þeirri vinnu lokið fyrir 1. október 2009.

Framkvæmdastjórar fjármála og lækninga sjái til þess að verkaskipting innkaupa og heilbrigðistækni sé skýr. Niðurstöður um verkaskiptingu og breytt verklag skal skila til forstjóra eigi síðar en 1. október 2009.

Sjá einnig umfjöllun um verkefni framkvæmdastjóra stoðsviða almennt á bls. 9.

### 5.3 Eignasvið

Eignasvið annast byggingarmál, máltíðir sjúklinga, matsali, flutninga, ræstingar, þvotta, dauðhreinsun og öryggismál. Byggingardeild sér um rekstur og viðhald fasteigna og lóða spítalans, auk allra lagna og húskerfa. Eldhús útvegar mat fyrir sjúklinga og starfsmenn og framleiðir sérfæði, um 6.000 máltíðir hvern virkan dag. Ræstingarþjónusta hefur umsjón með ræstingu, hreingerningu og yfirborðsviðhaldi dúka. Öryggis- og flutningadeild annast öryggisgæslu og vakt- og flutningaþjónustu. Þvottahús afgreiðir og endurnýjar lín og rekur saumastofu. Dauðhreinsun framleiðir og dauðhreinsar vörur og afgreiðir einnota dauðhreinsaðar vörur.

Núverandi byggingarsvið, ræstingar, þvottahús, dauðhreinsun, eldhús, öryggi og flutningar og símaver mynda eignasvið. Verkefnið nýtt háskólasjúkrahús er á þessu sviði þar til ákvörðun verður tekin um byggingu nýs spítala, en þá verður það fært til framkvæmdastjóra þess verkefnis. Heilbrigðis- og upplýsingatæknimál flytjast til framkvæmdastjóra lækninga. Eftir sameiningu dauðhreinsunar mun hún tilheyra skurðlækningasviði.

Skipurit verður endurskoðað, einhverjar stjórnendastöður lagðar niður og starfsheitum annarra breytt. Stjórnunarþrepum skal fækka og nauðsynlegt er að samræma starfsheiti stjórnenda. Þjónustu skal samhæfa á milli húsa spítalans til að auka skilvirkni þjónustu og skulu merki þessa sjást í skipuritinu.

Framkvæmdastjóri eignasviðs skal gefa út yfirlýsingu um samstarf og þjónustu við klínísk svið fyrir 1. janúar 2010.

Endurskoða skal flutninga annars vegar (á mörgum einingum eignasviðs í dag) og sjúklingaflutninga (á öryggi og flutningum og klínískum sviðum) hins vegar. Niðurstöðum og tillögum um hagræðingu skal skila til forstjóra fyrir 1. október 2009.

Stefnt hefur verið að útboði á ræstingum spítalans. Huga þarf sérstaklega að eftirliti með gæðum ræstinga, hreingerningum og smitgátarþrifum í samstarfi við sýkingavarnardeild.

Sjá einnig umfjöllun um verkefni framkvæmdastjóra stoðsviða almennt á bls. 9.

#### 5.4 Vísinda-, mennta- og gæðasvið

Vísinda- og menntastarf gerir Landspítala að háskólasjúkrahúsi og greinir hann þannig frá öðrum heilbrigðisstofnunum landsins svo sem fram kemur í heilbrigðislögum. Vísinda-, mennta- og gæðasvið (VMG) hefur það hlutverk að greiða fyrir og efla háskólastarfsemi sem og aðra menntun á spítalanum, móta og framkvæma stefnu spítalans í menntun og vísindum og gangast fyrir samskiptum og samvinnu við innlendar og erlendar háskólastofnanir. Það sinnir miðlægri og sameiginlegri þjónustu og eftirliti og stuðlar að háskólastarfi á klínísku sviðunum í náninni samvinnu við klíníska framkvæmdastjóra og framkvæmdastjóra lækninga og hjúkrunar. Gæðamál lúta sama skipulagi og byggja á öflugum vísinda- og upplýsingastarfi.

Sérstök áhersla verður lögð á gæðamál og ætlast til þess að þau verði forsenda öryggis sjúklinga og hagræðingar í starfi spítalans. VMG ber ábyrgð á skilgreiningu gæða- og árangursmælikvarða fyrir spítalann.

Sviðinu tilheyrir núverandi skrifstofa kennslu-, vísinda- og þróunar ásamt gæðadeild. VMG hefur einnig umsjón með aðkomu og skráningu allra nemenda á Landspítala.

Framkvæmdastjóri VMG skal gefa út yfirlýsingu um samstarf og þjónustu við klínísk svið og nemendur fyrir 1. janúar 2010.

VMG styður kennslu-, vísinda- og gæðastarf á klínískum sviðum spítalans í samstarfi við framkvæmdastjóra klínískra sviða og stuðlar að samhæfingu slíkrar vinnu, t.d. með skipan vísindaráðs Landspítala og gæðaráðs Landspítala. Skipulag gæða- og vísindastarfs á Landspítala skal liggja fyrir 1. júlí 2009. VMG skal, í samvinnu við forystumenn Háskóla Íslands, vinna að skilgreiningu á ábyrgð og störfum þeirra sem bæði gegna akademískri stöðu við HÍ og starfi við LSH. Hið sama á við um samvinnu VMG og annarra akademískra stofnana en HÍ. VMG skal vinna að mönnunarlíkani sem skilgreinir skiptingu vinnutíma einstakra starfsmanna milli klínískrar vinnu annars vegar og kennslu- og vísindastarfa hins vegar.

Framkvæmdastjórar lyflækningasviðs og VMG ákveða sameiginlega staðsetningu krabbameinsmiðstöðvar í skipuriti.

Sjá einnig umfjöllun um verkefni framkvæmdastjóra stoðsviða almennt á bls. 9.

## 6 Framkvæmdastjórar hjúkrunar og lækninga

Í 10. grein heilbrigðislaganna segir:

„Fagstjórnendur. Á heilbrigðisstofnun skal starfa framkvæmdastjóri lækninga, framkvæmdastjóri hjúkrunar og eftir atvikum aðrir faglegir yfirstjórnendur sem bera faglega ábyrgð á þjónustu stofnunarinnar gagnvart forstjóra.“

Ábyrgð framkvæmdastjóra hjúkrunar og lækninga verður sem hér segir:

1. Framkvæmdastjórar lækninga og hjúkrunar heyra beint undir forstjóra og bera ábyrgð gagnvart honum. Forstjóri er næsti yfirmaður þeirra. Framkvæmdastjórar lækninga og hjúkrunar sitja í framkvæmdastjórn. Þeir bera ábyrgð á að móta sýn og markmið faglegra málefna er varða meðferð sjúklinga og faglegra þróun heilbrigðisstarfsmanna.

Framkvæmdastjóri lækninga ber í þessum tilteknu faglegu málefnum ábyrgð á starfi lækninga á LSH. Hann styður sérstaklega við faglegra þróun og starfsþróun lækna og læknaaritara en ber einnig að efla faglegra þróun allra annarra heilbrigðisstétta<sup>2</sup> í samvinnu við aðra framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri hjúkrunar ber í þessum tilteknu faglegu málefnum ábyrgð á starfi hjúkrunar á LSH. Hann styður við faglegra þróun og starfsþróun hjúkrunarfræðinga, ljósmæðra, sjúkraliða, presta og djákna en ber einnig að efla faglegra þróun allra annarra heilbrigðisstétta<sup>2</sup> í samvinnu við aðra framkvæmdastjóra.

2. Framkvæmdastjórar lækninga og hjúkrunar starfa með stoðsviðum að því að tryggja stuðning og þjónustu þeirra við klínísk svið til að tryggja fagleg vinnubrögð gagnvart sjúklingum. Framkvæmdastjórum stoðsviða ber að taka mið af stefnumörkun framkvæmdastjóra lækninga og hjúkrunar í þessum efnum.

3. Framkvæmdastjórar klínískra sviða heyra beint undir forstjóra. Næstu undirmenn framkvæmdastjóra klínískra sviða eru yfirlæknar og deildarstjórar. Framkvæmdastjórar klínískra sviða bera faglega og fjárhagslega ábyrgð á sínu sviði, með þeim takmörkunum sem heilbrigðislög setja, og bera ábyrgð á mannauðsmálum, sbr. ábyrgðarlýsingu þeirra.

Framkvæmdastjórum klínískra sviða ber að taka tillit til athugasemda og ábendinga framkvæmdastjóra lækninga og hjúkrunar varðandi öll fagleg málefni. Framkvæmdastjórum klínískra sviða ber að virða þá sýn og framfylgja þeim markmiðum sem framkvæmdastjórar lækninga og hjúkrunar setja fram. Framkvæmdastjórum lækninga og hjúkrunar ber að styðja framkvæmdastjóra klínískra sviða sérstaklega hvað varðar öryggi sjúklinga, starfsþróun og framtíðaráform um mönnun.

4. Yfirlæknum og deildarstjórum ber að taka tillit til athugasemda og ábendinga framkvæmdastjóra lækninga og hjúkrunar varðandi öll fagleg málefni, sýn og markmið LSH í heild. Slíkar athugasemdir skulu þó vera viðkomandi klínískum framkvæmdastjórum kunnar áður en þær eru kynntar yfirlæknum eða deildarstjórum.

5. Framkvæmdastjóri hjúkrunar er tengiliður við aðrar heilbrigðisstofnanir og -stofur um málefni er tengjast hjúkrun, m.a. Sjúkratryggingar Íslands, Heimþjónustu Reykjavíkur, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, einkareknar stofur og hjúkrunarheimili.

Framkvæmdastjóri lækninga er tengiliður við aðrar heilbrigðisstofnanir og -stofur um málefni er tengjast lækningum, m.a. Sjúkratryggingar Íslands, sjúkrahús og einkareknar stofur.

## 6.1 Sérstök verkefni framkvæmdastjóra hjúkrunar

Framkvæmdastjóri hjúkrunar ber faglega ábyrgð á hjúkrun á Landspítala, leiðir faglega þróun og hefur eftirlit með gæðum þjónustunnar. Sjúkrahótel, miðstöð um skilvirkt flæði, næringarstofa og sálgæsla presta og djákna heyra auk þess undir framkvæmdastjóra hjúkrunar.

**Sjúkrahótel.** Sjúkrahótel er rekið samkvæmt samningi við heilbrigðisráðuneytið. Það er úrræði fyrir einstaklinga sem þurfa heilsu sinnar eða aðstandenda vegna að dvelja fjarri heimabyggð vegna rannsókna og meðferða og fyrir þá sem dvalið hafa á sjúkrahúsi en þurfa lengri endurhæfingu og bata.

**Skilvirkt flæði.** Miðstöð um skilvirkt flæði sjúklinga annast innlagnastjórn, útskriftarteymi, sjúkrahústengda heimaþjónustu, rekstur skilvirks flæðis, innri biðlista og samskipti við aðrar stofnanir. Útskriftarúrræði eru þannig samhæfð og þjónusta við sjúklinga betri.

**Næringarstofa.** Næringarstofa annast næringarráðgjöf, kennslu og fræðslu til skjólstæðinga og heilbrigðisstarfsfólks auk rannsókna í næringarfræði í samstarfi við Háskóla Íslands.

**Prestar og djáknar.** Sálgæsla presta og djákna felst í reglubundnum heimsóknnum á deildir spítalans eða fastri viðveru þar og þeir sinna útköllum á gæsluvöktum og annast helgihald á spítalanum.

## 6.2 Sérstök verkefni framkvæmdastjóra lækninga

Til viðbótar við hlutverk sitt sem faglegur leiðtogi lækninga ber framkvæmdastjóri lækninga ábyrgð á eftirfarandi sérstökum verkefnum:

**Sjúkraskrá.** Framkvæmdastjóri lækninga er ábyrgðarmaður sjúkraskráa þ.m.t. rafrænnar sjúkraskrár. Óbreytt miðað við fyrra skipurit.

**Kvartanir og kærur.** Framkvæmdastjóri lækninga hefur umsjón með kvörtunum og kærum og samskiptum við sjúklinga, lækna, landlæknisembættið og dómstóla vegna þeirra. Óbreytt miðað við fyrra skipurit.

**Lyfjamál.** Framkvæmdastjóri lækninga hefur yfirumsjón með lyfjamálum Landspítala. Helsta markmið þessarar breytingar er að tryggja yfirsýn yfir málaflokkinn í heild frá þarfagreiningu að gerð lyfjalista og frá útboðum til innkaupa, lagerhalds og dreifingar til deilda. Sérstaklega verður hugað að þjónustu klínískra lyfjafræðinga á deildum og rekstrarlegri upplýsingagjöf um notkun og nýtingu lyfja. Samvinna verður við háskóla og vísinda-, mennta- og gæðasvið spítalans um kennslu og vísindaverkefni.

**Sýkingavarnir.** Framkvæmdastjóri lækninga verður yfirmaður sýkingavarna. Markmið þessarar breytingar er að tryggja samfellu í sýkingavörnum bæði hvað varðar daglega starfsemi og viðbrögð við einstökum sýkingum eða faröldrum sem upp kunna að koma. Sérstök áhersla verður lögð á samvinnu við sérfræðinga í smitsjúkdómum, lækna, hjúkrunarfræðinga og aðrar heilbrigðisstéttir. Lögð verður áhersla á samþættingu sýkingavarna og ræstinga.

**Viðbragðsáætlun.** Framkvæmdastjóri lækninga ber ábyrgð á viðbragðsáætlun spítalans fyrir hönd forstjóra.

**Samningar við sjúkrastofnanir.** Óbreytt.

**Heilbrigðis- og upplýsingatækni.** Samstarf heilbrigðis- og upplýsingatækni við klíniska starfsemi spítalans er mikið en stefnt er að nánari samvinnu. Sú breyting verður á að núverandi heilbrigðis- og upplýsingatækni mun heyra undir framkvæmdastjóra lækninga sem deild, að undanskildu símaveri, sem flýst á eignasvið. Staða heilbrigðis- og upplýsingatæknideildar í skipuritinu verður endurskoðuð af vinnuhópi, samkvæmt ákveðnum skilmerkjum sbr. kafla 8.

2) *Heilbrigðisstéttir eru nefndar hér í sama skilningi og í heilbrigðislögum og skv. vef Landlæknisembættisins sem birtir eftirfarandi lista yfir heilbrigðisstéttir sem njóta lögverndaðs starfsheitis og þurfa starfsleyfi landlæknis:*

*Áfengis- og vímuefnaráðgjafar, félagsráðgjafar, fóttaaðgerðafræðingar, geislafræðingar, hjúkrunarfræðingar, hnykkjar, iðjuþjálfar, lífeindafræðingar, ljósmæður, lyfjafræðingar, lyfjatæknar, lækna, lækna-ritarar, matartæknar, matvælafræðingar, náttúrufræðingar, næringarfræðingar, næringarráðgjafar, næringarrekstrar-fræðingar, osteópatar, sálfræðingar, sjóntækjafræðingar, sjúkraflutningamenn, sjúkraliðar, sjúkranuðdarar, sjúkraþjálfarar, stoðtækjafræðingar, talmeinafræðingar, tannfræðingar, tannlækna, tanntæknar, þroskaþjálfar.*

## 7 Yfirlæknar, hjúkrunardeildarstjórar og aðrir faglegir stjórnendur

Þeir einir eru stjórnendur á Landspítala er bera faglega ábyrgð, fjárhagslega ábyrgð og starfsmannaábyrgð.

### *Yfirlæknar í nýju skipuriti*

Yfirlæknar bera starfsmannaábyrgð á öllum læknum og starfsmönnum lækninga á sinni einingu. Útfæra þarf nánar starfsmannaábyrgð einstakra yfirlækna og skal mannauðssvið ljúka þeirri vinnu fyrir 1. júlí nk. í samvinnu við framkvæmdastjóra lækninga og framkvæmdastjóra klínískra sviða.

Yfirlæknar bera einnig ábyrgð á faglegri þróun, gæðum þjónustu og öryggi sjúklinga. Framkvæmdastjóri lækninga skilgreinir þessa ábyrgð nánar fyrir 1. júlí nk.

Yfirlæknar bera fjárhagsábyrgð m.a. á lyfjakostnaði, íhlutum (t.d. stoðnet, gerviliðir o.fl.), rannsóknum, myndgreiningarrannsóknum og blóðgjöfum. Fjármálasvið skilgreinir fjárhagsábyrgð einstakra yfirlækna fyrir 1. júlí nk. í samstarfi við framkvæmdastjóra klínískra sviða.

Framkvæmdastjóri lækninga skal skýra hlutverk og stöðu eftirfarandi yfirlækna í skipuritinu fyrir 1. nóvember 2009:

1. Yfirlækna sérgreina.
2. Yfirlækna sem ekki bera þriðja ábyrgð; faglega, fjárhagslega og starfsmannaábyrgð.

### *Hjúkrunardeildarstjórar í nýju skipuriti*

Hjúkrunardeildarstjórar bera starfsmannaábyrgð á hjúkrunarfræðingum/ljósmeðrum, sjúkraliðum og öðrum starfsmönnum hjúkrunar. Útfæra þarf nánar starfsmannaábyrgð einstakra deildarstjóra og skal mannauðssvið ljúka þeirri vinnu fyrir 1. júlí nk. í samvinnu við framkvæmdastjóra hjúkrunar og framkvæmdastjóra klínískra sviða.

Hjúkrunardeildarstjórar bera einnig ábyrgð á faglegri þróun, gæðum þjónustu og öryggi sjúklinga. Framkvæmdastjóri hjúkrunar skilgreinir þessa ábyrgð nánar fyrir 1. júlí nk.

Hjúkrunardeildarstjórar bera fjárhagslega ábyrgð á hjúkrunarvörum, býtibúri, skolvörum, húsbúnaði og öðru sem er á deildunum. Fjármálasvið skilgreinir fjárhagsábyrgð einstakra deildarstjóra fyrir 1. júlí nk. í samstarfi við framkvæmdastjóra klínískra sviða.

### *Stjórnendur annarra fagstétta í nýju skipuriti*

Deildarstjórar/yfirmenn annarra faghópa bera ábyrgð samsvarandi hjúkrunardeildarstjórum.

Framkvæmdastjórar hjúkrunar og lækninga munu samræma starfsheiti og skilgreina faglega ábyrgð, fjárhagslega ábyrgð og starfsmannaábyrgð þeirra fyrir 1. október nk. í samráði við aðra framkvæmdastjóra. Stöðuheiti með forskeytinu forstöðu- eða öðrum álíka forskeytum, verða lögð niður og forskeytið yfir- eða orðið deildarstjóri notuð í staðinn þar sem það á við.

### *Prófessorar í nýju skipuriti*

Landspítali og Háskóli Íslands vinna að skilgreiningu á starfi prófessora, ráðningu, vinnuskilum og staðsetningu í skipuriti beggja stofnana.

Jafnframt verða störf prófessora og ritara þeirra á klínískum sviðum spítalans endurskoðuð í samvinnu við framkvæmdastjóra vísinda-, mennta- og gæðasviðs.



## 8 Sér má l

### 8.1 Heilbrigðis- og upplýsingatækni

Hlutverk heilbrigðis- og upplýsingatækni er að útvega, innleiða og reka nauðsynleg lækningatæki og aðrar upplýsingatæknilausnir sem styðja við kjarnastarfsemi spítalans. Markmiðið er að þær lausnir séu hluti af nauðsynlegri framþróun í starfi spítalans sem og til hagræðingar í starfsemi. Samstarf heilbrigðis- og upplýsingatækni við klíniska starfsemi spítalans er náíð og mun aukast. Samhliða því að styðja við verklag í klínísku starfi veitir upplýsingatæknin stjórnendum nauðsynlegar upplýsingar til að stýra sínum einingum sem best.

Núverandi heilbrigðis- og upplýsingatækni við mun heyra undir framkvæmdastjóra lækninga sem deild, að undanskildu símaveri, sem flyst á eignasvið. Heilbrigðis- og upplýsingatækni er ein af meginforsendum þróunar og hagræðingar í starfi spítalans á næstu árum.

Ákvörðun um staðsetningu nýrrar heilbrigðis- og upplýsingatæknideildar er til ársloka 2010. Fyrir lok þessa tímabils skal fara fram endurmat á staðsetningu með hliðsjón af ákveðnum skilmerkjum en vinnuhópur skilgreindir faglega þætti er meta skal. Vinnuhópurinn skipi aðilar frá heilbrigðis- og upplýsingatæknideild, hag- og upplýsingadeild og framkvæmdastjórum fjármála, lækninga, hjúkrunar og vísinda-, mennta- og gæðasviðs. Vinnuhópnum er m.a. ætlað að:

- Skýra verkaskiptingu milli nefndar um rafræna sjúkraskrá og heilbrigðis- og upplýsingatæknideildar.
- Skýra verkaskiptingu milli fjármálasviðs og heilbrigðis- og upplýsingatæknideildar.
- Setja fram aðgerðaráætlun um áhersluverkefni næstu ára og ávinning þeirra fyrir starfsemi spítalans.
- Setja fram mælikvarða til að meta þá þætti sem aðgerðaráætlun fjallar um.
- Skila forstjóra skýrslu um áðurnefnda þætti fyrir 1. október 2009.
- Framkvæmdastjóri lækninga kallar vinnuhópinn saman og stýrir fyrsta fundi.

### 8.2 Verkefnastofa

Verkefnastofa verður sett á laggirnar til að vinna með stjórnendum að breytingum í rekstri. Verkefnastjórnun er mikilvægt hjálpartæki við slíkar breytingar og þekking á verkefnastjórnun og eftirfylgni eru lykilþættir við framgang breytinga. Verkefnastofur hafa skilað stofnunum aukinni skilvirkni í stjórnun verkefna og aukið þekkingu á verkefnastjórnun innan fyrirtækjanna. Með gagnreyndum starfsháttum við verkefnastjórnun aukast líkur á árangri verkefna.

Verkefnastofa mun aðstoða stjórnendur við að skilgreina verkefni og koma þeim af stað og stýra stærri stefnumótandi verkefnum. Þá mun verkefnastofa hafa forgöngu um fræðslu um verkefnastjórnun, veita ráðgjöf, samræma verklag, setja upp gátlista fyrir mismunandi

verkefni, setja upp hjálpartæki og halda utan um verkefnalista, sem verður aðgengilegt á heimasíðu spítalans.

### 8.3 Almannaatengsl

Almannaatengsl verða eflid sem þáttur í stefnumótun og stjórnun Landspítala. Þetta verður til dæmis gert með auknum tengslum við hagsmunasamtök sjúklinga og aðstandenda, meiri samvinnu við stéttarfélag, opinni stjórnsýslu og greinargóðri upplýsingamiðlun.

### 8.4 Hjúkrunarráð og læknaaráð

Hjúkrunarráð og læknaaráð eru lögbundnir ráðgjafar forstjóra um fagleg málefni og heyra beint undir hann. Fastir fundir forstjóra með hjúkrunarráði og læknaaráði verða 3. miðvikudag í hverjum mánuði.


### 8.5 Göngudeildir







Starfsemi og skipulag göngudeilda verður endurskoðað fyrir 1. janúar 2010. Verkefnastofa mun leiða þá vinnu í haust. Meðal annars er stefnt er að því að göngudeild 10E verði svipuð rekstrareining og G3 og heyri undir bráðasvið samhliða sameiningu á bráðamóttökum.

### 8.6 Hæfing

Mun heyra undir geðsvið. Framkvæmdastjóri hjúkrunar og framkvæmdastjóri geðsviðs setji fram markmið fyrir starfsemi og starfstíma hæfingar til næstu 3ja ára og skili til forstjóra fyrir 1. september 2009.









# Skýringarorð með skipuriti Heilbrigðisstofnunar Vesturlands

## Undirbúningur og aðdragandi

Undirbúningur að skipuriti Heilbrigðisstofnunar Vesturlands sem tekur gildi 1. janúar 2010 hófst í ársbyrjun 2009 á vettvangi heilbrigðisráðuneytis. Nokkurt hlé varð á vinnu við sameiningu stofnana við breytingar á ríkisstjórn það ár. Með ákvörðun ráðherra um skipan verkefnisstjóra, Guðjóns S. Brjánssonar með bréfi, dags. 12.05.09 hófst starfið að fullu á ný og ákvörðun tekin um að sameining heilbrigðisstofnana á Vesturlandi tæki gildi um næstkomandi áramót.

Samráðshópur ráðuneytis sem settur var á laggirnar er skipaður formanni, Vilborgu Hauksdóttur, skrifstofustjóra, Hrönn Ottósdóttur, sviðsstjóra, Guðríði Þorsteinsdóttur, skrifstofustjóra og Hallgrími Guðmundssyni, sviðsstjóra og síðar Ragnheiði Haraldsdóttur, sviðsstjóra. Verkefnisstjóri, Guðjón S. Brjánsson situr einnig í samráðshópnum sem starfað hefur frá þessum tíma og fylgt eftir gerð skipurits á öllum stigum og öðrum þeim atriðum sem taka þarf tillit til í ferli sem þessu. Fylgt var í meginatriðum samrunaáætlun sem aðgengileg er starfsmönnum á upplýsingavef..

Ákvörðun liggur fyrir um að núverandi skipurit gildi til ársloka 2010 þegar allir þættir þess verða endurskoðaðir í ljósi reynslu sem fengist hefur á þeim tíma, þ.m.t. stöður og starfsheiti og staðsetning í skipuriti.

Heilbrigðisráðuneytið kynnti þegar í upphafi sameiningarferlis að að Heilbrigðisstofnun Vesturlands tæki við réttindum og skyldum allra starfsmanna samkvæmt ráðningasamningum, annarra en forstöðumanna.

## Meginatriði

Við gerð skipurits fyrir Heilbrigðisstofnun Vesturlands sem saman stendur af 8 starfseiningum var leiðarljósið að tryggja greið samskipti, stuttar boðleiðir og að störf og verkefni væru vel skilgreind og skýrt afmörkuð. Jafnframt að ábyrgðarsvið og verkefni stjórnenda væru vel skilgreind svo tryggja megi skilvirkni og ábyrgð í starfi.

Skýr krafa var strax í upphafi gerð til þeirra sem að verkefninu kom, að sameining skyldi ganga hratt, skipulega og með hagkvæmum hætti í ljósi þess efnahagslega umhverfis sem landsmenn hrærast í. Nýttur skyldi allur sá viðbúnaður, mannaflí og reynsla sem til staðar væri innan stofnunar. Ekki skyldi farin sú leið að brjóta til grunna innviði starfandi stofnana en vinna þess í stað að rekstrarlegri hagræðingu eins markvisst og kostur væri. Undir þessum kringumstæðum hefur verkefnið verið unnið.

## Lýsing á skipuriti

Í framkvæmdastjórn sitja þrír fulltrúar: **Forstjóri** sem ráðinn er til starfsins með bréfi, dags. 12.05.09, með vísan 36. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. **Framkvæmdastjóri lækninga og rekstrar** sem fluttur var til í starfi framkvæmdastjóra lækninga á SHA á grundvelli 19.





gr laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins með bréfi, dags. 26.08.09. **Framkvæmdastjóri hjúkrunar og rekstrar** sem fluttur var til í starfi framkvæmdastjóra hjúkrunar á SHA á grundvelli sömu laga með bréfi, dags. 26.08.09. Með því að hnýta rekstrarlegum þáttum við starfsheiti beggja framantalinna er mikilvægi faglegra þátta jafnt og rekstrarlegra undirstrikað

Gert er ráð fyrir að framkvæmdastjóri fjármála og rekstrar ásamt fulltrúa heilsugæslusviðs sitji fundi framkvæmdastjórnar með málfrelsi og tillögurétt. Þá er gert ráð fyrir að á stofnuninni starfi fagráð með vísan til 13. gr laga um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 og leysi af hólmi eða starfi samhliða lækna ráði og hjúkrunarráðs ef viðkomandi faghópar kjósa svo. Skv. laganna hjóðan skal fagráð vera forstjóra og framkvæmdastjórn til ráðuneytis um fagleg atriði í rekstri heilbrigðisstofnunar. Ber að leita áhlits fagráðs um mikilvægar ákvarðanir sem varða heilbrigðisþjónustu stofnunarinnar, þar á meðal eftir því sem við á áhlits lækna ráðs um lækniþjónustu og áhlits hjúkrunarráðs um hjúkrunarpjónustu. Fagráð skal setja sér starfsreglur sem staðfestar skulu af forstjóra.

### **Tvö megin svið**

Heilbrigðisstofnun Vesturlands skiptist í tvö megin svið, heilsugæslusvið og sjúkrasvið í samræmi við 4. gr laga um heilbrigðisþjónustu nr 40/2007.

Á heilsugæslusviði starfa sviðsstjórar, annars vegar sviðsstjóri lækninga og hinsvegar sviðsstjóri hjúkrunar. Þessi skipan endurspeglar þær áherslur sem lagðar eru á eflingu heilsugæslu innan nýrrar stofnunar. Verkefni sviðsstjóra á heilsugæslusviði verða einkum á vettvangi faglegrar samræmingar, þróunarmála og skipulags fyrir heilsugæslusviðið í heild. Næsti yfirmaður sviðsstjórnanna tveggja eru annars vegar framkvæmdastjóri lækninga og rekstrar og hinsvegar framkvæmdastjóri hjúkrunar og rekstrar.

Undir sjúkrasvið heyrir Sjúkrahúsið á Akranesi og sérhæfð þjónusta og sjúkradeild St. Franciskusspítalans í Stykkishólmi.

Samkvæmt skipuriti heyra fagstjóri lækna ritunar, fagstjóri rannsóknarþjónustu, fagstjóri myndgreiningar og fagstjóri endurhæfingar undir stjórnunarlegt verksvið framkvæmdastjóra lækninga og rekstrar. Starfssvið fagstjóra verður fagleg umsjón með viðkomandi þáttum á allri stofnuninni, samræming og þróun þjónustunnar, ráðgjöf og leiðbeiningar gagnvart framkvæmdastjórn og viðkomandi starfsmönnum. Þessar stöður hafa allar verið auglýstar lausar til umsóknar innan stofnunarinnar auk yfirmanns sjúkraflutninga með umsóknarfresti 05.01.10. Ráðið er í störf til eins árs í ljósi endurskoðunar skipurits.

Framkvæmdastjóri hjúkrunar og rekstrar er yfirmaður ræstinga, eldhúsa og þvottahúsa skv. skipuriti auk faglegrar yfirstjórnar á sínu sviði. Þessi skipan varð niðurstaðan eftir talsverðar umræður, bæði innan samráðshópsins og meðal fulltrúa viðkomandi stofanana, að fenginni reynslu og í ljósi hefða. Vera kann að þessi atriði sem önnur verði endurskoðuð í ljósi reynslu.



### **Verkefnisstjórar**

Fjórar stoðir verkþátta ganga í gegnum stofnunina, þvert á svið. Til að leiða aðlögun þessara þátta í nýrri stofnun hafa valist starfsmenn sem þegar gegna þessum verkefnum á SHA. Samkomulag er um þetta fyrirkomulag í eitt ár eða þann tíma sem skipuritið gildir. Þessir verkefnisstjórar heyra beint undir forstjóra í skipuriti. Rík ástæða er til að ætla að breytingar verði gerðar á fjölda, samsetningu og innbyrðis verkefnum þeirra við endurskoðun að ári loknu. Gert er ráð fyrir að þær stöður sem þá verða settar inn í skipurit verði auglýstar.

### **Svæðisfulltrúar**

Þrjú af sjö forstöðumönnum sem nú láta af störfum á svæðinu munu starfa áfram við breyttar forsendur og að skilgreindum verkefnum sem annars vegar eru svæðisbundin og hinsvegar að öðrum sem ganga þvert á alla stofnunina, sjá skipurit. Þeir fyrrum forstöðumenn sem áfram starfa og eru í skipuriti nefndir svæðisfulltrúar eru þeir sem lengstan starfsaldur hafa og voru allir í fullu starfi áður en stöður þeirra voru lagðar niður. Þeir munu heyra beint undir forstjóra í skipuriti.

### **Að lokum**

Skipurit þetta hefur fengið umfjöllun ráðuneytis en bíður formlegrar staðfestingar ráðherra. Fjallað hefur verið um skipuritið á fundum samráðshóps ráðuneytis og gerðar á því breytingar eftir því sem starfinu hefur undið fram. Sátt er um núverandi niðurstöðu á þeim vettvangi. Þá hefur skipurit þetta verið kynnt á fundum með starfsfólki á öllum þeim stofnunum sem að sameiningunni koma.

Starfslýsingar fyrir fagstjórnendur umfram það sem greina má af skipuriti og skýringum hafa verið kynntar viðkomandi og aðrar eru í undirbúningi og vinnslu. Erindisbréf fyrir framkvæmdastjóra lækninga og rekstrar, framkvæmdastjóra hjúkrunar og rekstrar og yfirlækna verða send viðkomandi í upphafi nýs árs. Þessi gögn verða síðan aðgengileg á starfsmannavef stofnunarinnar.

Eins og fyrr er greint mun skipurit þetta gilda til ársloka 2010 og verður endurskoðað að þeim tíma loknum með það í huga að festa skipan í sessi til nokkurrar frambúðar.




17.12.09/gb



5621270

# SKIPURIT HSS



Heilbrigðisstofnun Indónesja





Heilbrigðisráðgjafi 5621270 Sudurklands

Skipurit









Forseta

Heilugæslustöðvar  
Þjúkrahúsi


- Ábendingar - kvartanir
- Fræðsla
- Gæðahom
- Leaustörf
- Leit á heilthing.is
- Nefndng MP
- Ráðgjöf í reyktblindum
- Sendu fyrirspurnir
- Símanúmer
- Skipuril
- Starfsmenn
- Tenglar
- Upplýsingar
- Væntani, sárfæðingur



Veðrið á Húsavík




Neyðarnúmer: 112



Heilbrigðisstofnun Þingeyinga

Skipuril - 2010



VAKTÍMAR LÆKNA


Hilsevík	898-6112
Laugar	898-6112
Kjósahlíð	898-6112
Kópasker	896-8109
Rauðhólmur	896-8109
Þórshólmur	898-9915

ÁTBUÐADAGATAL


A	M	D	M	F	Þ	L
31	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30	31			

FRÉTTAMOLAR

- 1.2.2010  
Starfsgætur í Ung- og smábarnaværm
- 19.1.2010  
Nýr sjúkráðgjafi
- 19.1.2010  
Nýr sjúkráðgjafi
- 18.1.2010  
Guðrún Arný ráðin yfirfjórðunarfæðingur sjúkraávið.




Skýlingar á líkaskoti  
 Lækningsvæðing  
 Félagsvæðing  
 Félagsvæðing og sárfæðingur






# Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins

## Framkvæmdastjórn




## Heilsugæslustöðvar Höfuðborgarsvæðisins



## Verkefni - teymi











Mér er hægt að breyta útlitinu: - [A] +

Leitarorð... [Search icon]

Aðalefnið Hólkugæsla Bjókráa Bjónustudagur Stofneldir Upplýsingar Fræðsla Myndaeyrur

- Árskýrslur HS
- Eldri fréttir
- Gjaldskrá
- Helmsóknartímar
- Lög og reglugerðir
- Símanúmer
- Starfsfólk / netföng
- Tenglar
- Starfsmannastofna HS

Um stofnunina

- Stofnumarkun
- Skipulitt
- Fræmivæðing
- Starfsmannaráð
- Gæðaráð

- Vakir lækna
- Viðbragðsáætlun vinnutíða

:: Símanúmer/netföng


**Neyðarsími 112**  
 Skipulitiborð 455 4000  
 Skipulitiborð opið kl. 8 - 16  
 alla virka daga  
 Netfang: hskrokur@hskrokur.is

:: Laus stífr

Engin stífr auglýsi

:: Eyðublað

- Starfsmáðkn
- Ábending








5621270

# Heilbrigðisstofnunin Blönduósi

## Skipunir






5621270

HSA

Fránkvæmdastjóri  
Lækninga:  
Stefán Þórarinnsson

Forsgjafi:  
Einar Rafn Haraldsson

Fránkvæmdastjóri  
Hjúkrunar:  
Lilja Adalsteinsdóttir



**Fjármál,  
gæðamál**

Rekstur  
heilsugæslu:  
Stefán Þórarinnsson

Rekstur  
Neskaupstað  
Lilja Adalsteinsdóttir

**Þórhallur  
Harðarson**

**Innkaup &  
rekstur**

- Lækningar
- Hjúkrun
- Lófu-/sjúkrahjálfun
- Rannsóknir

- Lækningar
- Hjúkrun
- Rannsóknir
- Endurhæfing
- Skurðstofa
- Fæðingar

**Valdimar  
Hermannsson**

**Mannauður -  
laun & starfsþróun**

- Hjúkrun
- Lækningar
- Endurhæfing

- Lækningar
- Hjúkrun
- Heilsvæðing
- Sérfræðimóttaka

**Emil Sigurjónss.  
Lárus Gunnlaugss.**

**Tæknimál**

**Kjartan  
Einarsson**

Heilbrigðisráðgjafi Austurlands

